

Skipulagsstofnun  
Jón Smári Jónsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík 3. júní 2020  
UST202005-171/B.S.  
10.05.01

**Efni: Mat á umhverfisáhrifum - efnistaka úr námum – Langanesbyggð. Umsögn**

Vísað er til bréfs Skipulagstofnunar dags. 15. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.


Um er að ræða magnaukningu í tveimur eldri námum frá því sem tilgreint er í aðalskipulagi Langanesbyggðar. Um er að ræða annars vegar námuna Miðfjörður 2 en þar mun efnistakan aukast úr 20.000 m<sup>3</sup> í 35.000 m<sup>3</sup> og hins vegar Miðfjörður 1 þar sem ráðgert var að taka 30.000 m<sup>3</sup> en nú er fyrirhugað að taka úr þessari námu 90.000 m<sup>3</sup>. Ástæður þessa eru þær að efnisþörf vegna endurbyggingar Norðausturvegar í Finnafirði og í Bakka firði reyndust efnisfrekari en upphaflega var ætlað.

Hér er um frekari efnistöku að ræða á svæðum þar sem Vegagerðin hefur áður tekið efni og gengið frá námunum. Varðandi frágang námanna telur Umhverfisstofnun að kanna eigi hvort svæðin myndu falla betur að landi ef ekki verða skildir eftir samfelldir bakkar með sama halla meðfram jöðrum námanna heldur verði reynt að fella jaðra námanna að öröskuðu landi.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Greinargerðin er eins ítarleg og ástæða er til.

Virðingarfyllt

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

  
Axel Benediktsson  
Sérfræðingur